Náttúrufræðistofnun

Kjósarhreppur

Óskar Örn Gunnarsson

Ásgarði Kjós

276 Mosfellsbær

Garðabær, 14. október 2026

Málsnúmer: 202609-0043

IAS

Efni: Deiliskipulag fyrir Þórufoss. Skipulagsslýsing.

Vísað er til erindis Kjósarhrepps frá 21. september 2026 þar sem óskað er umsaagnar Náttúrufæðistofnunar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Þórufoss.

Svæðið við Þórufoss verður um 2,5 ha að stærð, afmarkast af Laxá til austurs, Þórufossi til suðurs, og aðkomuvegi til vesturs. Það er merkt sem AF5 á aðalskipulagsuppdrætti Kjósarhrepps 2017-2029, sem er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Svæðið er náttúrulegt með gróðri, jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, og er ætlað til afþreyingar og móttöku ferðafólks, þ.m.t. bættrar aðstöðu fyrir bílastæði og gönguleiðir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur að vel sé gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum en vill koma eftirfarandi ábendingum á framafæri:

Gróðri á skipulagssvæðinu hefur hrakað nokkuð á undanförnum árum vegna gangandi umferðar og því er þarft að stýra umferð um svæðið til að koma í veg fyrir frekara rask.

Skipulagssvæðið er á C-hluta náttúruminjaskrár:“ Þórufoss“, svæði 135, auk þess sem fossinn nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013) eins og fram kemur í skipulagslýsingunni. Skipulagssvæðið er auk þess innan svæðisins: „Laxárvogur og Laxá í Kjós“ sem einnig er á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði 134.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru eingöngu vistgerðir með miðlungs til lágt verndargildi á skipulagssvæðinu en vistgerðin starungsmýravist er rétt utan við það, næst Laxá. Mikilvægt er að vistgerðum með mjög hátt verndargildi verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

Til viðbótar við þá þætti sem nefndir eru í kafla um umhverfismat í skipulagslýsingunni þá þarf að hafa í huga að straumendur halda til á Laxá.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000